



367. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 17. febrúar 2010. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Þuríður Backman, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Björgvin G. Sigurðsson og Atli Gíslason boðuðu forföll. Lilja Jónsdóttir lögfræðingur mætti v. 2. dagskrárliðar og Guðmundur Pálsson frá Framkvæmdasýslu ríkisins mætti v. 3. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

1. Nýr þjóðgarðsvörður.

Formaður bauð Ólaf Örn Haraldsson velkominn til starfa sem framkvæmdastjóra Þingvallanefndar og þjóðgarðsvörð á Þingvöllum. Þá þakkaði formaður starfsmönnum þjóðgarðsins fyrir mikið og gott vinnuframlag í kjölfar sviplegs fráfalls Sigurðar K. Oddssonar fv. þjóðgarðsvarðar í ágúst á fyrra ári.

2. Lóðarleigusamningar og byggingaskilmálar.

Þingvallanefnd samþykkir að framlengja alla lóðarleigusamninga til 31.12.2010 og var Lilju Jónsdóttir falið að tilkynna lóðarleiguhöfum um ákvörðun nefndarinnar.

Þann 8 des. sl. var lóðarleiguhöfum sent bréf þar sem áréttað var að óski leigutakar eftir áframhaldandi leigu, skuli þeirri ósk komið á framfæri skriflega við nefndina 6 mánuðum fyrir lok leigutíma. Yfir 90 % lóðarleigutaka svörðu en Lilju var falið að kanna hverjir óskuðu ekki eftir áframhaldandi lóðarleigu.

Drög að nýjum lóðarleigusamningum og byggingaskilmálum eru í vinnslu og fól nefndin Ólafi Erni og Lilju að ræða við skipulags- og byggingaryfirvöld Bláskógabyggðar, fulltrúa lóðarleiguhafa, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og kynna þeim drögin. Byggingaskilmálar þjóðgarðsins stangast í dag að nokkru leyti á við byggingarskilmála Bláskógabyggðar en leitast þarf við að samræma þá og fella auknar kröfur um skolp- og frárennismál í samningana. Stefnt er að því að tillaga að nýjum lóðarleigusamningum og byggingaskilmálum liggi fyrir 1. maí nk.

3. Hreinlætismál á Haki, kostnaður og framkvæmdir.

Þjóðgarðsvörður óskaði eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins kæmi að ráðgjöf varðandi framkvæmd á snyrtihúsum á Haki, Guðmundur Pálsson var fenginn til verksins. Verkáætlun miðar að því að koma húsunum í gagnid fyrir sumarið.

Kostnaður við flutning frá Laugarnesi á Hak ásamt standsetningu er áætlaður 37 m.kr. Samkvæmt rekstraráætlun þjóðgarðsins vantar u.þ.b. 12 m.kr. til að hægt verði að klára verkið á þessu fjárhagsári.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að kanna flutning fjárveitinga milli ára og undirbúa framkvæmdir í samræmi við það og endurskoðun á fjárhagsáætlun.

4. Snyrtingar á Valhallarreit.

Rætt um nauðsyn þess að koma upp snyrtiaðstöðu á Valhallarreit fyrir sumarið, en engin salernisaðstaða er þar eftir bruna Valhallar. Tveir möguleikar eru í stöðunni:

- Að nýta hönnun Glámu-Kím að færanlegum salernum/útikömrum sem er ódýrari lausn í uppbyggingu og ekki þarf að tengja kamrana við hreinsistöð. Rekstrarkostnaður er hins vegar hár. Aðeins þarf að sækja um stöðuleyfi fyrir framkvæmdinni.
- Nýta hönnun að salernis- og þjónustuhúsum sem fyrir eru í þjóðgarðinum. Varanlegri lausn og dýrari í uppsetningu. Þessi salernishús þarf að tengja við hreinsibúnað sem fyrir er á Valhallarreit. Á móti kemur lítil rekstrarkostnaður. Í þessu tilfalli þarf að sækja um byggingaleyfi og jafnvel vinna deiliskipulag.

Áætla má að kostnaður við að koma upp snyrtingu á Valhallarreit geti numið 5-10 m.kr. Alls vantar því 15-20 m.kr. til að ljúka hreinlætismálum innan þjóðgarðsins. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

Þorgerður Katrín fer af fundi 12:45.

Þuríður fer af fundi 12:50.

5. Önnur mál.

- Lagt fram tilboð v. tölvukaupa ofl. Framkvæmdastjóra falin afgreiðsla málsins.
- Lögð fram drög að umsögn um gámastöð Bláskógabyggðar v. Heiðarbæ. Samþykkt. Þingvallanefnd gerir ekki athugasemdir við rekstur gámsvæðis Bláskógabyggðar við Heiðarbæ að uppfylltum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðis-efirlits Suðurlands.
- Lagt fram erindi Sigrúnar Helgadóttur sem hefur staðsett með GPS hnitum gönguleiðir innan þjóðgarðsins. Frestað. Formanni og framkvæmdastjóra falið að athuga málið milli funda.
- Lögð fram umsókn Þingvallnefndar og Náttúrustofu Vestfjarða um styrk úr Fornleifasjóði vegna fornleifaskráningar í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Sótt var um styrk að fjárhæð 2.946.000 kr.
- Lögð fram skýrsla um rannsókn Laxafiska og Matís þar sem staðfest er að kvikasilfur í urriða sem er 60 cm eða lengri er yfir leyfilegu hámarki í silungsmatvælum samkv. íslenskri reglugerð. Urriði af þeirri stærð er því ekki hæfur til átu. Samþykkt að kynna niðurstöðurnar á vef Þingvallanefndar og framkvæmdastjóra falið að kanna hvert fyrirhugað framhald rannsókna er og hvort til standi að leita uppsprettu kvikasilfurs í Þingvallavatni og hvernig það verði þá gert.
- Byggingarfulltrúi Árnassýslu og Flóahrepps óskar eftir umsögn Þingvallanefndar um fyrirspurn Ara Lúðvíkssonar arkitekts fyrir hönd Lauga ehf. Óskað er eftir að breyta útliti húss við Valhallarstíg syðri nr. 8 frá því sem áður var samþykkt. Frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:07.